


MIKIL VERÐMÆTI Í INNVIÐAKERFINU


Endurstofnvirði innviða
í milljörðum króna



- Endurstofnvirði innviða hér á landi er metið 4.493 milljarðar króna eða 155% af vergri landsframleiðslu. Umfangið endurspeglar mikilvægi og stóran þátt innviða í verðmætasköpun þjóðarþúsins.
- Innviðirnir eru í samgöngukerfinu, veitukerfinu, raforkukerfinu og fasteignum hins opinbera.
- Tveir þættir innviða eru með hæst endurstofnvirði; samgöngukerfið sem samanstendur af vegakerfi, flugvöllum og höfnum, með 1.525 milljarða króna og raforkukerfið með 1.433 milljarða króna.


INNVIÐAKERFINU EKKI NÆGILEGA VEL VIÐ HALDIÐ – MIKIL INNVIÐASKULD

Viðhaldspörf og áætlað viðhald í þjóðvegakerfinu
í milljörðum króna




- Ónóg fjárfesting í innviðum hér á landi hefur valdið því að ástand þeirra er víða óviðunandi og uppsöfnuð innviðaskuld er talsverð.
- Uppsöfnuð viðhaldsskuld innviða er umtalsverð hér á landi. Hún er áætluð 420 milljarðar króna eða 14,5% af landsframleiðslu.
- Verst er ástand vegakerfis og fráveitna.
- Miðað við áætlanir stjórnvalda um viðhald innviða litið til næstu ára er ekki við því að búast að ástand innviða muni batna – innviðaskuldin mun vaxa. Í vegakerfinu er svo dæmi sé tekið viðhaldinu alls ekki nægjanlega vel sinnt.
- Kemur þetta m.a. fram í 2 skýrslum sem Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga hafa gefið út um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi.

Uppsöfnuð viðhaldspörf 2021 og 2017
í milljörðum króna



EKKI NÆG NÝFJÁRFESTING Í INNVIÐUM TIL AÐ MÆTA ÞÖRF

Umferð um þjóðvegakerfið og fjárfesting í þjóðvegum
Vísitala 2013=100




- Hagkerfið þarf nýfjárfestingu í innviðum til að geta vaxið og skapað landsmönnum aukin verðmæti.
- Ekki hefur verið fjárfest nægjanlega í innviðum á síðustu árum til að mæta þörf heimila og atvinnulífs.
- Dæmi: Umferð um þjóðvegi hefur aukist um 67% á síðastliðnum 10 árum, en vegakerfið hefur ekki verið stækkað í takt við þessa aukningu.
- Afleiðingin hefur verið auknar framboðs-takmarkanir, tafir og bilanir í innviðakerfinu.
- Kemur skortur á innviðafjárfestingum niður á samkeppnishæfni landsins, framleiðni og verðmætasköpun.


ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA Í UPPBYGGINGU INNVIÐA SKORTIR TRÚVERÐUGLEIKA

- Áætlanir stjórnvalda um uppbyggingu innviða hafa oft ekki orðið að veruleika. Áætlanirnar hafa misst trúverðugleika og skapa ekki nægjanlegan fyrirsjáanleika.
- Í könnun meðal stjórnenda innviðaverktaka innan SI segja 95% að það skorti fyrirsjáanleika í innviðaframkvæmdum hins opinbera.
- Dæmi er að af 173 ma.kr. útboðum sem boðuð voru í innviðaverkefnum hins opinbera á Útboðsþingi SI í fyrra urðu raunútboðin 89 ma.kr.

Finnst þér skorta fyrirsjáanleika í opinberum innviðaframkvæmdum?



Útboð opinberra aðila 2023
Milljarðar króna



MARKAÐUR BYGGINGARIÐNAÐAR ÞRÍSKIPTUR


- Heildarvelta fyrirtækja í byggingariðnaði var um 603 ma.kr. í fyrra. Um þriðjungur þess eða 196 ma.kr. var velta vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis.
- Í heild starfa tæplega 20 þúsund manns í byggingariðnaði.
- Hægt hefur verulega á vexti greinarinnar undanfarið. Samdráttur hefur verið á fyrstu byggingarstigum.
- Miklar sveiflur hafa verið vandamál greinarinnar sögulega séð.

Mannvirki atvinnuveganna: **246** ma.kr.

Íbúðarhúsnæði: **196** ma.kr.

Opinberir innviðir: **125** ma.kr.

Fjöldi starfandi og velta í byggingariðnaði
Breyting frá sama tíma árinu áður



Starfandi í byggingariðnaði og mannvirkjagerð
Í þúsundum

